



Jafnrétti í skólum

“Það læra börnin sem fyrir þeim er haft”

Heimspekisamræður með leikskólabörnum um jafnrétti í leikskólanum Lundarseli, Akureyri.

Markmið

- að auka viðsýni barnanna og benda á margbreytileika lífsins
- að börnin læri að rökstyðja viðhorf sín og skoðanir
- að börnin læri að virða viðhorf og skoðanir annarra
- að börnin átti sig á að leikir, hlutir, föt og litir eru stundum kynbundnir sem þarf ekki að vera rétt viðhorf né skoðun (staðalímynd)
- *markmið með verkefninu Jafnrétti í skólum..... Vitna í þau*

Leiðir

- Þýða lauslega bókina “Den dag da Frederik var Frida og Den dag da Rikke var Rasmus”
- Lesa bókina og ræða við börnin út frá textanum. **Útbúa kennsluleiðbeiningar* með sögunni.** Við ætlum að nota bókina í **heimspekivinnu*** í hópastarfi í vetur/nokkra hópastarfstíma. Börn frá aldrinum 4-5 ára taka þátt í samræðunni.
***Kennsluleiðbeiningar** eru hugmyndabanki með spurningum, vangaveltum tengdum sögunni um stelpuna sem vaknaði sem strákur og strákurinn sem vaknaði sem stelpa. Í kennsluleiðbeiningunum eru líka föndurhugmyndir sem kalla á annan skilning á vangaveltunum um reynslu stelpunnar/stráksins í sögunni.
***Heimspekivinnu** eða samræður með börnum eru til að vekja og efla börnin til sjálfstæðrar og skapandi hugsunar. Börnin mynda sjálfstætt samræðufélag þar sem þau vinna saman, hugsa saman og taka tillit til hugmynda og skoðana annarra. Það eflir með börnunum þörf til að kryfja hin ýmsu málefni til mergjar í heimspekilegum samræðuhópum. Heimspekileg samræða skerpir rökhugsun og dómgreind og temur börnunum að taka tillit til siðfræði, fagurfræði og fleiri gilda.
- Nota uppeldislega skráningu á samræðum barnanna svo foreldrar geti tekið þátt í vangaveltunum/virkja þannig foreldra líka.
- Starfsfólk Lundarsels ætlar að vinna með viðhorf sitt og orðræðu, varðandi jafnrétti í skólum. Við ætlum að fá fyrirlesara til að tala við okkur um orðaræðu okkar – hvernig við tölum við stráka og stelpur.
- Starfsfólk ætlar líka að hugsa út í smá hlutina eins og allir leikir í boði fyrir alla og allir vinir. Við, starfsfólkið ætlum að festa í minni að það læra börnin sem fyrir þeim er haft og setja á okkur kynjagleraugun :-)
- Við stefnum einnig á að taka saman bókalista yfir bækur fyrir leikskólabörn, bækur er kveikja á jafnréttisumræðu, eins og *Sylvia og drekinn* og *Einar Áskell*.

Ávinningur



- að aukinni meðvitund og sjálfsþekkingu barnanna að stelpa er bara stelpa en ekki staðalímynd og eins með strákur – hann er bara strákur með margskonar áhugamál og drauma.
- að börnin átti sig á að allir eru jafnir, allir mega það sem þeir vilja – kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir.
- að ýta undir gagnrýna hugsun, skoða málin og skoðanir, skoða staðalímyndir og mynda sér svo skoðun, til dæmis eftir að hafa heyrt hvað hinum finnst.
- ávinningur barnaheimspekinnar er að börnin þjálfast í að greina hugmyndir sínar í sundur og í því að koma auga á áður óþekkt tengsl. Börnin verða færari í að mynda sér sjálfstæðar skoðanir eftir að hafa velt hlutunum gagnrýnið og skapandi fyrir sér. Börnin öðlast aukinn skilning á sjálfum sér og öðrum. Og þau öðlast líka aukinn skilning á lífinu og tilverunni. Heimspekivinnan vekur upp undrun, forvitni og nýjar hugmyndir hjá börnunum og með heimspekivinnunni uppgötva börnin á áhrifaríkan hátt þau viðmið, gildi og reglur sem ríkja.
- *ávinningur með verkefninu Jafnrétti í skólum.... Vitna í þau*

Mat

- Uppeldisfræðileg skráning er aðferð til gagnaöflunar og gerir verklegan þátt leikskólastarfsins sýnilegan, hún inniheldur venjulega sýnishorn af vinnu barnanna og varpar ljósi á hugmyndir þeirra. Við ætlum að taka samræður barnanna upp á diktafón og skrá þannig vangaveltur þeirra. Þá vonumst við til að sjá þannig inní hugarheim barnanna varðandi kynjahugmyndir þeirra og staðalímyndir.
- Við ætlum að skrá í upphafi verkefnisins og í lokin og vonumst til þess að sjá þannig hvort umræðurnar hafa breyst hjá barnahópnum.
- Viðtal við kennara í upphafi verkefnisins og aftur í lokin um væntingar, upplifun og túlkun á hvað kennarinn læri af verkefninu.

Leikskólinn Lundarsel, Akureyri, 16. júní 2008.

Helga María Þórarinsdóttir.

Þórlaug Baldvinsdóttir.



Kennsluleiðbeiningar:

- a) meta þarf barnahópin til að ákveða hvort byrjað sé á hlutanum um stelpuna sem vaknar sem strákur eða öfugt, eftir því hvort stelpurnar eða strákarnir eru sterkari í hópnum – svo áhuginn haldist fyrir efninu og allir taki þátt í samræðunum.
- b) lesa um það bil 1-3 blaðsíður í hverjum hópastarfstíma og sýna myndirnar með.
- c) spyrja börnin hvað var nú skemmtilegast? Skrýtnast? Sorglegast? Áhugaverðast? eða flottast? eða hvað viljið þið ræða um? Börnin velja samræðu-punktinn með sínum orðum og hugmyndum.
- d) skrifa niður um hvað börnin vilja tala og hefja “rannsóknina” og styðjast við Sókratíska spurningarlistann okkar. (Af hverju? Hvað meinarðu með? Hvernig styður þú það? Hvað felst í því? Hvaða ástæður hefurðu? Er hægt að líra þetta öðrum augum? Hvar erum við stödd í rannsókninni. Hvað skiptir máli?)
- e) styðjast við kennsluleiðbeiningarnar okkar – hugmynda teknar eða spurningar fengnar frá helstu jafnréttis+kynja+heimspekingunum. Við kortleggjum söguna fyrirfram og finnum ráðgátur í henni, útbúum þannig verkefni og spurningar eða samræðuáætlun.
- f) taka samræðuna uppá diktafón
- g) draga saman samræðu barnanna og leita að niðurstöðu.
- h) notast við aðrar aðferðir eins og myndlist, spuna og kubba og hefja samræður um efnið.